



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 607

Bolli Héðinsson

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 607

Bolli Héðinsson

Formáli

Bolli Héðinsson fæddist 5. febrúar 1954 á Landspítalanum og bjuggu foreldrar hans og eldri systir þá á jarðhæð Þórsgötu 27 í Reykjavík. Fjölskyldan flutti þremur árum síðar í Skaftahlíð 12 og enn síðar inn í Fossvogshverfi að Kjarlandi 20. BH lauk landsprófi við Gagnfræðaskóla Austurbæjar vorið 1970. Hóf svo nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð um haustið og brautskráðist þaðan vorið 1974 „þjóðhátíðarvorið“ sem svo má nefna vegna 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar en afmælið og hátíðahöld í tilefni af því settu mjög svip á þjóðlífið þetta vor og sumar. Árgangurinn frá vorinu 1974 var síðasti árgangurinn sem útskrifaðist frá MH úr hefðbundnu bekkjakerfi.

BH tók virkan þátt í félagslífi skólans fyrst í leiklistarfélaginu svo sem ritari nemendafélagsins og á síðasta ári sínu sem forseti nemendafélagsins. Hann geymdi ýmiss gögn sem á fjörur hans rak auk þess sem hann stóð fyrir útgáfu margra þeirra, s.s. skólablaðsins, símaskrárinnar („Skarmúss“), kynningarrita („Pésa“) o.fl. Einnig geymdi hann gögn sem bárust frá öðrum skólum. BH stóð fyrir því að krepptur hnefi yrði merki nemendafélagsins NFMH og fékk hann Halldór Gíslason (síðar arkitekt, útskrifaðan frá MH 1972) til að teikna merkið.

Eftir útskrift hefur BH haldið utan um útskriftarárgang sinn úr skólanum staðið fyrir afmælissamkomum o.fl. Hann hafði forgöngu um að stofnaður yrði sjóður með skipulagsskrá sem hann gaf nafnið „Beneventumsjóður“ sem er hugsaður fyrir afmælisárganga og aðra sem vilja gefa skólanum fjármuni sem nýst geta til að prýða skólann á þann máta sem fjárveitingavaldið telur ekki í sínum verkahring. Hefur BH séð til þess að stúdentar vorsins 1974 frá MH hafa gefið álitlega upphæð í sjóðinn á fimm ára fresti allt frá því sjóðurinn var settur á laggirnar í tilefni af 20 ára stúdentsafmæli þeirra vorið 1994. Einnig gáfu þau í sjóðinn í tilefni 50 ára afmælis skólans í september 2016 en sú afmælishátíð var hvatinn að því að þessi skjöl voru tekin saman og færð Borgarskjalasafninu.

Formáli Bolli Héðinsson

Afhending: Bolli Héðinsson 19. október 2016

Innihald: Skólablöð, kynningarpésar, menntaskólasögur, útskriftarbækur o.fl.

Tími: 1964-2009

Magn: 1 askja

Skjalaskrá

Askja 1

Herranótt MR leikin á Hótel Borg. Yvonne, Búrgundarprinsessa eftir W. Gombrowich, án árs.
Söngbók menntaskólanema, útg. Málfundafélagið Framtíðin 1969.

Pétur. Kynningarpési um fálagslíf í M.H. 1971-1972.
Skaramúss. Símaskrá nemenda Menntaskólans við Hamrahlíð 1971-1972, útg N.F.M.H.

Beneventum. Skólablað Menntaskólans við Hamrahlíð, 2. tbl. 2. árg. janúar 1968.

Beneventum. Skólablað Menntaskólans við Hamrahlíð, 1. tbl. 3. árg. 1968.

Fæðingarheimilið Blysið 1970.

Skólablað MH, © allt saman 1970.

Örvar Oddr. 62. árg. 6. tbl. 1971.

Örvar Oddr. 62. árg. 7. tbl. maí 1971.

Mimisbrunnur 1. tbl. 18. árg. 1971.

Skólaballið 47. árg. 2. tbl. janúar 1972. Skólablað MR.

Bekkjjarblaðið. Skólablað MH, án árs.

Jesús, skólablað MH. 6. árg. 2. tbl. án árs.

Gullsparð, skólablað M.Í, án árs.

Olnbogabörn kerfisins. Þetta er útskrifunarbók 4. bekkjar M.H. vorið 1974. Tilhamingju með húuna.
Olnbogabörn kerfisins við aldarlok, útskriftarbók. Bolli Héðinsson 1999.

Nýr Grettir. Sögur, útgefendur: MR. MA., MH., og ML.

Námsmannahandbókin 1979, gefin út af hagsmunanefnd SHÍ 1978.

Draupnir, gagnrýnið rit um félagsleg málefni. útg. íslenskir sálfræðinemar í Árósum 2. tbl. 3. árg. án árs.

Útskriftarbók Menntaskólans við Hamrahlíð 2008-2009.

Menntaskólasögur. Ásgeir Ásgeirsson, Einar Ólafsson, Hrafn Gunnlaugsson o.fl., án árs.

Skráð í október 2016, GI